

Námskrá: Enska 10. bekkur

Þessi bekkjarskrá er grundvölluð á Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum hennar 2013.

Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

Tungumál er mikilvægt tæki til að orða hugsun sína, auka víðsýni, afla sér þekkingu og að eiga samskipti við aðra.

Megintilgangur enskunnar er að nemendur öðlist góða færni til að nota tungumálið í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Að nemendur séu læsir á fjölbreytta texta og geti nýtt sér þá til gagns og gamans. Með skapandi og sjálfstæðum vinnubrögðum eiga nemendur að ná góðum tókum á tungumálinu og inntaki þess og öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Með fjölbreyttum viðfangsefnum eiga nemendur að verða nokkuð sjálfbærir á enska tungu og skilja hugsunargang þjóðarinnar, menningu og samfélag. Með enskunáminu eiga nemendur að tileinka sér aðferðir og vinnubrögð sem hægt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda þar sem lesefni í háskólum er að stærstum hluta á ensku. Enska er alþjóðlegt samskiptamál og gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum sem og upplýsinga- og margmiðlunarheiminum og því mikilvægt í nútímasamfélagi að hafa gott vald á enskri tungu.

Grunnþættir menntunar eru sex: Læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun.

Hæfniviðmið erlendra tungumála skiptast undir sjö færniþætti og eru þau samofin grunnþáttum menntunar. Þessir færniþættir eru: **Hlustun, Lesskilningur, Samskipti, Frásögn, Ritun, Menningarläsi og Námsþæfni.**

Í 10. bekk tekur námið og námsmat mið af hæfni sem ætlast er til að sé náð við lok grunnskóla (3. stigs).

Námskrá 10. bekkjar í ensku.

Námsþáttur: Hlustun

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 3. stigs:

fyrirhafnarlítið tileinkað sér margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg:

- *tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms-, og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt*
- *án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr*
- *hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þeim sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim*

Námskrá 10. bekkjar í ensku.

Námsþáttur: Lesskilningur

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 3. stigs:

lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölpættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum:

- *aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu*
- *lesið sér til fróðleiks rauntexa, til dæmis úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt*
- *lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi*

Námskrá 10. bekkjar í ensku.

Námsþáttur: Samskipti

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 3. stigs:

sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skila aðra, t.d. með því að umorða

- *tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í*
- *tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum*
- *tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda*

Námskrá 10. bekkjar í ensku.

Námsþáttur: Frásögn

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 3. stigs:

tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval:

- *tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum*
- *flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi*
- *samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra*

Námskrá 10. bekkjar í ensku.

Námsþáttur: Ritun

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 3. stigs:

skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi

- *skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið, og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við*
- *tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu*
- *skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum*
- *leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín*

Námskrá 10. bekkjar í ensku.

Námsþáttur: Menningarlæsi

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 3. stigs:

sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum:

- *sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni*
- *sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma*
- *getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er skoska, ameríska o.þ.h.*

Námskrá 10. bekkjar í ensku.

Námsþáttur: Náms hæfni

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 3. stigs:

sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu

- *beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða*
- *beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf*
- *unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja*
- *nýtt reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og notað í nýju samhengi*
- *nýtt sér öll helstu hjálpartæki svo sem ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni*

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p><i>Greinin er kennd 120 mín á viku.</i></p> <p><i>Mikilvægt er að nemendur líti á tungumálanám sem hluta af alhliða menntun til lífstíðar, sem bæði er hagnýt og menntandi. Námið þarf að vera heildstætt og endurspeglar raunverulega málnotkun.</i></p> <p><i>Mikilvægt er að nemendur tileinki sér grunnþekkingu fagsins til að geta byggt upp enn meiri þekkingu, því án hennar verður ekki byggt neitt framhald. Nemendur auka kunnáttu sína og fá meira sjálfstraust og aukið frelsi til að geta nýtt tungumálið í tali, riti, hlustun og læsi.</i></p> <p><i>Stuðst er við námsefnið Spotlight ásamt öðrum æfingum, kvikmyndum og fleiru.</i></p>	<p><i>Jonas, Randall. 2012. Spotlight 10. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</i></p> <p><i>Frjálslestrarbækur að eigin vali.</i></p> <p><i>Sýndar eru valdar enskar kvikmyndir ásamt verkefnum frá kennara.</i></p> <p><i>Ýmis lesskilningsverkefni, ritunarverkefni og málfræðiverkefni.</i></p>	<p><i>Matsþættir í ensku taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og leitast er við að fá sem gleggstar upplýsingar um hæfni nemenda í greininni. Enskunám og kennsla miðast við sjö flokka: 1. Hlustun, 2. Lesskilningur, 3. Samskipti, 4. Frásögn, 5. Ritun, 6. Menningarläsi og 7. Námsþætti. Námsmat er fjölbreytt og nemendur þreyta próf og verkefni tengd hæfniviðmiðum og hæfni til að nýta þá kunnáttu sem þeir búa yfir. Verkefni eru ýmist einstaklings- para- eða hópverkefni. Að stunda námið eftir bestu getu og standa skil á verkefnum er einnig tekið inn í námsmat. Notast verður við hæfnikort til að meta stöðu nemenda samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár.</i></p> <p><i>Námsmat við útskrift 10. bekkjar vorið 2021 verður gefið í bókstöfum samkvæmt *matsviðmiðum Aðalnámskráar grunnskóla. Eins og áður segir eru hæfniviðmið sett fram í sjö flokkum í ensku og miðast allt námsmat við þá. Öll vinna og ástundun nemenda er metin samhliða hverjum matsþætti fyrir sig. Í lok skólaárs hefur nemandi fengið tækifæri til að sýna fram á þá hæfni sem hann býr yfir í flokkum greinarinnar og einkunn miðast við hvar hann stendur við útskrift. Á næstu síðu má sjá matsviðmið aðalnámskráar grunnskóla.</i></p>

Einkunn	Hlustun
A	Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur mjög vel og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.
B	Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur vel og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.
C	Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur sæmilega vel og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.
Einkunn	Lesskilningur
A	Hefur tileinkað sér mjög fjölbreyttan orðaforða og getur fyrirhafnarlítið lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.
B	Hefur tileinkað sér nægilega góðan orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga og margvísleg málefni.
C	Hefur tileinkað sér viðunandi orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju, með nokkurri fyrirhöfn þó, almenna texta af ýmsum toga og um margvísleg málefni

Einkunn	Samskipti
A	Nemandi er mjög vel samræðuhæfur, beitir eðlilegu máli, framburði, áherslum og hrynjandi af öryggi. Notar markvisst algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig lipurlega og áheyrilega um málefni sem hann þekkir.
B	Nemandi er vel samræðuhæfur, beitir eðlilegu máli, framburði, áherslum og hrynjandi af öryggi. Notar markvisst algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig nokkuð áheyrilega um málefni sem hann þekkir.
C	Nemandi er sæmilega samræðuhæfur, beitir reglum málsins, framburði, áherslum og hrynjandi á viðunandi hátt og kann að nota algengustu föstu orðasamböndin úr daglegu máli og getur tjáð sig sæmilega um málefni sem hann þekkir.

Einkunn	Frásögn
A	Nemandi getur tjáð sig mjög áheyrilega um málefni sem hann þekkir, notar mjög fjölbreyttan orðaforða og getur beitt tungumálinu af öryggi og nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.
B	Nemandi getur tjáð sig vel um málefni sem hann þekkir, notar nægilega góðan orðaforða og getur beitt tungumálinu á eðlilegan hátt hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.
C	Nemandi getur tjáð sig sæmilega um málefni sem hann þekkir, notar viðunandi orðaforða og getur beitt tungumálinu á sæmilegan hátt hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.
Einkunn	Ritun
A	Nemandi getur skrifað skýran og skilmerkilegan samfelldan texta um efni sem hann þekkir, fylgt af öryggi reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu texta og hagnýtt sér markvisst þann orðaforða sem unnið hefur verið með.

Einkunn	Ritun frh
B	Nemandi getur skrifað lipran, samfelldan texta um efni sem hann þekkir, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.
C	Nemandi getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, fylgt grunnreglum um málnotkun og helstu hefðum varðandi uppbyggingu texta og hagnýtt sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með.
Einkunn	Menningarläsi
A	Nemandi sýnir fram á að hann þekkir mjög vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér mjög góða grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.
B	Nemandi sýnir fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér góða grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.
C	Nemandi sýnir fram á að hann þekkir til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.

Einkunn	Námshæfni
A	Nemandi sýnir fram á að hann getur mjög vel sett sér raunhæf markmið, auðveldlega beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu, fyrirhafnarlítið skipulagt nám sitt á markvissan hátt, auðveldlega nýtt sér öll helstu hjálpartæki, unnið sjálfstætt og lagt mat á eigin stöðu og frammistöðu.
B	Nemandi sýnir fram á að hann getur sett sér raunhæf markmið, vel beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu, skipulagt nám sitt á nægilega markvissan hátt, vel nýtt sér helstu hjálpartæki, unnið sjálfstætt og lagt mat á eigin stöðu og frammistöðu.
C	Nemandi sýnir fram á að hann getur sett sér sæmilega raunhæf markmið, beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu með nokkurri fyrirhöfn þó, skipulagt nám sitt á viðunandi hátt, nýtt sér helstu hjálpartæki, unnið sjálfstætt og lagt mat á eigin stöðu og frammistöðu.

Einkunnina B+ fá þeir nemendur sem hafa náð öllum þáttum B og flestum þáttum A. Einkunnina C+ fá þeir nemendur sem hafa náð öllum þáttum C og flestum þáttum B. Nemendur sem ekki ná viðmiðum fá D.